

Umhverfis og tæknisvið uppsveita

Athugasemdir við

Skipulagstillögu nr. 123/2010

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við skipulagstillögu sem styður áætlaða Hvammsvirkjun:

Þessum áformum er hér með harðlega mótmælt. Sá möguleiki til að kaffæra land við Núp, sem nefndur er Hvammsvirkjun myndi valda óafturkræfum skaða á náttúru, landslagi og umhverfi. Áform um Hvammsvirkjun hafa þegar valdið deilum og ágreiningi hjá íbúum í hreppnum, milli fólks sem er annt um verndun náttúrunnar við Þjórsá og þeirra sem sjá náttúruna sem leið til að sækja gróða sem ekki tekur tillit framtíðar.

Það er ekki nægjanlega aðkallandi þörf sem réttlætir að 175 hektarar af grónu landi sé sökkt undir lón með Hvammsvirkjun, 6 hektarar af votlendi og 8 hektarar af landi vegna frárennisskurðar. Landslagi og náttúru við ána yrði umturnað allt frá Gaukshöfða í Þjórsárdal niður fyrir Ölmóðsey í Þjórsá, sem eru rúmir 9 km. Grónar eyjar yrðu kaffærðar og Minna-Núpshólmi myndi standa nánast á þurru í farvegi árinna. Engar rannsóknir voru gerðar á lífríki þessara eyja í mati á umhverfisáhrifum á sínum tíma en nú liggur fyrir rannsókn á Minna-Núpshólma (Viðey) í Þjórsá. Ljóst er að Hvammsvirkjun hefur í för með sér að árfarvegurinn færi á löngum kafla undir lón en fyrir neðan lónið verður vatnsrennslíð mjög lítið, kvíslar og hliðarar yrðu stíflaðar og breytingar gerðar á farveginum.

Lífríki Þjórsár er einstakt að fjölbreytni og frekari virkjanir stefna því í voða. Virkjanir og stíflur raska vatnafari, búsvæði og göngum laxfiska og eru afdrifarík fyrir fiskgegngd í ám, ekki síst í ám með sjógöngustofna. Önnur áhrif af uppistöðulónum á lífríki í og umhverfis ár eru þekkt og þarf ekki að bíða eftir afleiðingum slíkra aðgerða til að taka upplýstar ákvarðanir þar sem afleiðingar eru þekktar. Við hljótum að vilja lágmarka slíkar vistkerfisbreytingar sem eru réttlættar með skammtímagróða af nýtingu náttúrunnar og kjósa fremur nýtingu sem felst í að horfa, hlusta og upplifa sem er raunverulega sjálfbær en uppistöðulón til að framleiða rafmagn er óafturkræf eyðilegging.

Mótvægisáðgerðir munu ekki skila þeim árangri sem bætir fyrir þann skaða sem mun verða af virkjuninni. Áhættunni á ekki að koma yfir á lífríkið við Þjórsá eða á íbúa sem búa við ána eða langar að setjast að í sveitinni. Hvammsvirkjun mun ekki skapa nein varanleg störf í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Hvammsvirkjun er tímaskekkja og glapræði sem rýrir möguleika til umhverfisvænnar atvinnuuppbyggingar.

Í guðsbænum hlustið á okkur sem höfum lagt margt til málanna, bent á ókosti og skammsýni þessarar fyrirætlunar og ítrekað bent á þá kosti sem eru æskilegri og betri fyrir framtíðina.

Svanborg R. Jónsdóttir

Stóra-Núpi, 16. 02 2021